

**Nd.**

**345. Nefndarálit**

**[137. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er andvígur þessu frumvarpi og leggur til að það verði fellt.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar útvegsmanna og forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og kom fram í máli þeirra að staða sjávarútvegsins er slæm og horfur ekki góðar. Sömu leiðis eru ýmsar greinar útflutningsiðnaðar illa staddar.

Á næsta ári er boðaður 10% samdráttur í þorskveiðum sem kostað gæti útgerðina 1200–1400 milljónir króna brúttó tekjumissi. Óvissa ríkir í gengismálum og vaxtakostnaður er nú hærri en nokkru sinni.

Allar aðstæður nú mæla því gegn nýjum álögum á útflutningsgreinarnar.

Ingi Björn Albertsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur álitum þessu.

Alþingi, 18. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon,  
frsm.

Kristín Halldórsdóttir.